

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Rafveitu Patreksahrepps nr. 214 2. október 1950.

Iðnaðarráðuneytið, 20. marz 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

22. marz 1972.

Nr. 72.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Barnaheimilissjóð hjúkrunarfélagssins „Hjálpar“, Patreksfirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. marz 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaheimilissjóð hjúkrunarfélagssins „Hjálpar“,
Patreksfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnaheimilissjóður hjúkrunarfélagssins Hjálpar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 300 króna gjöf frá hjúkrunarfélaginu „Hjálpar“ á Patreksfirði, á 10 ára afmæli félagsins 9. des. 1938.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

- a. 100 króna árlegt framlag frá hjúkrunarfélaginu „Hjálpar“ á afmælisdegi félagsins.
- b. Arður af eignum sjóðsins.
- c. Áheiti og gjafir til sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að koma upp sumarheimili í sveit fyrir börn úr Patreksfjarðarkaupþúni, sérstaklega veikluð börn, og starfrækja slíkt heimili, þegar það er komið upp.

5. gr.

Sjóðurinn ávaxtist í sparissjóðum eða bönkum og með kaupum á bankavaxta-bréfum eða öðrum tryggum verðbréfum. Vextir leggjast óskertir við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 300 000.00 krónur. Sjóðurinn má ekki reka lánastarfsemi.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 300 000.00 krónur, skal stjórn hans hefja framkvæmdir um stofnun barnaheimilis í sveit og rekstur þess.

7. gr.

Sjóðurinn stendur að öllu leyti undir stjórn hjúkrunarfélagsins „Hjálpar“, meðan það starfar. Leggist félagið niður, skulu allar eignir þess renna til sjóðsins, og skal þá stjórn hans skipuð þrem mönnum, er jafnan séu þessir: Skólastjóri barna-skólans á Patreksfirði, héraðslæknirinn á Patreksfirði og ein kona kosin af hrepps-nefnd Patrekshrepps.

8. gr.

Þegar sjóðurinn er tekinn til starfa, skulu reikningar hans lagðir árlega fyrir hreppsnefnd Patrekshrepps og endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins.

9. gr.

Sjóðsstjórnin skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir og annað, sem varðar rekstur sjóðsins og hag. Ársreikninga og efnahagsreikninga sjóðsins skal innfæra í gerðabókina.

10. gr.

Leita skal staðfestingar ráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi skipulagsskrá fyrir Barnaheimilis-sjóð hjúkrunarfélagsins „Hjálpar“, Patreksfirði, nr. 157 frá 15. september 1940.

Patreksfirði, 10. marz 1971.

F. h. hjúkrunarfélagsins „Hjálpar“, Patreksfirði.

Sesselja Christiansen, formaður. Kata Gísladóttir, ritari.

Rut Jónsdóttir, gjaldkeri.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og sölustaða á Siglufirði, nr. 230 1. okt. 1964.

1. gr.

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Alla virka daga skal sölubúðum og sölustöðum eigi lokað síðar en kl. 18 nema laugardaga en þá skal lokað kl. 13, og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Frá 1. marz til 15. júní verði verzlunum þó lokað kl. 19. Þá skulu og vera frá þessu undantekningar, sem nú skal greina:

2. gr.

Síðasta málsgrein 2. gr. orðist svo:

Sölubúðir skulu vera lokaðar alla helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst (fridagur verzlunarmanna) og laugardaginn fyrir fridag